

Aðalfundur FSA

Skólapingi, Austurstræti 8–10, föstudaginn 28. febrúar 2020, kl. 14:30.

Fundarmenn voru um þrjátíu talsins.

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara.

Díana Rós A. Rivera, formaður félagsins, setti fundinn og stakk upp á Sigurlín Hermannsdóttur sem fundarstjóra. Það var samþykkt og hún tók við stjórn fundarins. Þá var samþykkt að Axel Viðar Egilsson yrði ritari. Síðan var gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar.

Díana Rós A. Rivera formaður, flutti skýrslu stjórnar. Stjórnarmenn voru auk hennar Axel Viðar Egilsson, Guðný Vala Dýradóttir, Laufey Einarsdóttir og Ómar Örn Hauksson. Díana rakti í stuttu máli helstu viðburði ársins: Árshátíð starfsmanna fór fram 9. mars 2018 á Grand Hóteli Reykjavík. Var þetta fyrsta árshátíðin þar sem pólitískt ráðnir starfsmenn voru með og voru þeir sérstaklega boðnir velkomnir. Skemmtifélagið Fönn tók til starfa í apríl og skipulagði Júrónisjónspurningakeppni sem og jólaball í desember. Farið var í starfsmannaferð til Haag í Hollandi í október og sá ferðanefnd starfsmanna um skipulagningu ferðarinnar sem heppnaðist mjög vel. Þess má geta að FSA kolefnisjafnaði ferðina fyrir alla þá sem fóru. Þann 8. febrúar 2020 var árshátíð starfsmanna aftur haldin á Grand Hóteli. Skemmtinefndin sá um skipulagninguna ásamt félögum úr stjórn FSA.

Díana sagði frá því að stjórnin hefði tekið ákvörðun um það í fyrra, eftir langa yfirlegu, að skipta ekki félaginu upp í skemmtifélag annars vegar og stéttarfélag hins vegar. Slík skipting hefði verið mjög erfið í fjárhagslegu tilliti auk þess sem skemmtifélagið á að vera opið öllum starfsmönnum. Þess vegna var talið best að hafa það áfram undir stjórn FSA. Tilkynning þess efnis var send út til starfsmanna og bárust engar athugasemdir.

Þá lýsti Díana því yfir að hún hefði fyrir hönd stjórnar sent beiðni um kjaraviðræður til yfirstjórnar vegna lausra samninga 31. mars 2019. Stofnaður var bakhópur starfsmanna skrifstofu Alþingis til að vinna að samningu nýs samnings. Hópurinn fundaði í fyrsta skipti í byrjun apríl og hefur gert reglulega eftir það og einnig með fulltrúum Ríkisendurskoðunar og umboðsmanni Alþingis. Ákveðið var í ágúst að félagsmenn fengju sambærilega eingreiðslu 1. september og félagar BHM fengu 1. ágúst vegna þess hversu kjarasamningar hefðu dregist. Í febrúar á þessu ári hafa svo verið haldnir fundir með fulltrúum Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis í samninganefnd til að undirbúa kjaraviðræður sem og í bakhóp starfsmanna skrifstofunnar.

Díana nefndi að þáverandi skrifstofustjóri hefði komið að máli við stjórn í júní og beðið hana að semja erindi um það óviðunandi álag sem var á starfsmönnum í maí og júní sama ár. Stjórnin samdi erindi þar sem hún skoraði á yfirstjórn og forseta Alþingis að koma í veg fyrir að slíkt ástand yrði aftur uppi. Erindið var tekið fyrir á fundi forsætisnefndar í ágúst og fékk stjórnin formlegt svar frá forseta Alþingis.

Að auki fjallaði Díana um þá ákvörðun stjórnar, eftir ábendingar frá starfsmönnum, að semja bréf til yfirstjórnar vegna yfirvofandi bílastæðaleysis með haustinu vegna nýrrar skrifstofubyggingar. Í kjölfarið lagði FSA, í samráði við yfirstjórn, könnun fyrir starfsmenn um ferðamáta til og frá vinnu og þörf á bílastæðum. Síðan lagði yfirstjórn til lausn sem fól í sér hærri samgöngustyrk og bílastæði fyrir starfsmenn í Hörpu.

Að síðustu fjallaði Díana um nauðsyn þess að fara yfir verkferla allra sjóðanna og breyta þeim ef þarf til þess að þeir séu í samræmi við nýju persónuverndarlögin. Einnig er kominn tími á að gaumgæfa starfsreglur sjóðanna og uppfæra þær að einhverju leyti.

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram.

Laufey Einarsdóttir, gjaldkeri félagsins, gerði grein fyrir endurskoðuðum reikningum félagsins. Þeir voru birtir á vef FSA: Sjá <http://huginn.althingi.is/starfsmenn/> og <http://huginn.althingi.is/starfsmenn/fsa/arsreikningar.php>. Þeir verða jafnframt aðgengilegir í skjalakerfinu, One Systems.

Skýrslur stjórnar og reikningar félagsins voru borin upp til atkvæða í einu og samþykkt einróma.

4. Skýrslur nefnda.

a. Skýrsla Orlofssjóðs. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Steinunn Haraldsdóttir flutti skýrslu Orlofssjóðs. Auk hennar voru fyrir hönd FSA í stjórn sjóðsins Garðar Adolfsson og Álfhildur Álfþórsdóttir. Varamaður var Laufey Einarsdóttir. Fulltrúar Ríkisendurskoðunar í stjórn sjóðsins voru þeir Guðbrandur Leósson og Gestur Páll Reynisson.

Steinunn las upp helstu tölur reikninga. Árið 2019 var gert upp með tekjuafgangi upp á 2 milljónir kr. Eigið fé í árslok 2019 var 21 milljón kr. og upphæðir á almennum bankareikningum námu 14,5 milljónum kr.

Steinunn sagði að orlofsnefnd hefði borist 21 umsókn fyrir sumarið 2019 og fengu 17 óskir sínar uppfylltar. Hún sagði að eftir úthlutun hefði öllum staðið til boða að bóka lausar vikur og hefði nýting verið nær 100% í báðum bústöðum. Verð var óbreytt frá fyrra ári, 21.500 kr. vikan. Verð var einnig óbreytt, 9.000 kr., fyrir helgarleigu. Orlofsnefnd samdi um aðgang fyrir sumarhúsafólk að golfvöllunum í Kiðjabergi og Húsafelli eins og undanfarin ár. Orlofsnefnd bryddaði upp á nýjungum og bauð til sölu gjafabréf hjá Icelandair og Air Iceland Connect á góðu verði (auk punkta). Félagsmenn tóku vel í þetta og seldust allt í allt 52 gjafabréf hjá Icelandair og 9 hjá Air Iceland Connect.

Auk hefðbundins viðhalds var keypt ný eldavél í Laugarás og nýtt og glæsilegt klósett.

b. Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Jörundur Kristjánsson flutti skýrslu sjóðsins í fjarveru formanns, Berglindar Steinsdóttur, og gerði grein fyrir ársreikningi hans. Hann sagði að sjóðurinn hefði haldið þrjá úthlutunarfundi og að 159 styrkir hefðu verið veittir á árinu. Heildarfjárhæð þeirra að fráðregnum bakfærðum styrkjum var 11,7 milljónir kr. Margir veittra styrkja voru samhljóða styrkir vegna starfsmannaferðar til Haag. Tap ársins var 2,4 milljónir kr. og eignir sjóðsins í árslok námu rúmum 23,1 milljónum kr.

Jörundur kynnti breytingar á gr. 1.b. starfsreglna sjóðsins en þeim var breytt þannig að réttur til úthlutunar myndast þegar starfsmenntunarsjóðsframlag hefur verið greitt í samtals sex mánuði (áður var krafist fastráðningar). Með þessum hætti færir FSA nær því sem tíðkast í þeim félögum sem FSA ber sig saman við, þ.e. BHM og FHSS. Raunar eru rétturinn rýmri því ekki er gerð krafa um að sjóðsframlag hafi verið greitt í ákveðinn tíma áður en „atburður“ sem leiðir til styrkumsóknar á sér stað (hjá BHM er miðað við 3 mánuði).

Í stjórn sjóðsins voru auk Jörundar Kristjánssonar og Berglindar Steinsdóttur Inga Valgerður Stefánsdóttir og Telma Steingrímsdóttir hjá Ríkisendurskoðun. Þorbjörg Árnadóttir var varamaður.

c. Skýrsla Fjölskyldu- og styrktarsjóðs. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Elín Valdís Þorsteinsdóttir flutti skýrslu stjórnar sjóðsins. Í stjórninni voru Elín Valdís Þorsteinsdóttir, Hildur Edwald og Jón Magnússon. Varamenn voru Guðný Vala Dýradóttir og Kristel Finnbogadóttir Flygenring.

Elín Valdís tók fram að stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs fylgist með réttindum hjá öðrum sjóðum. Stjórn sjóðsins leggur ekki til breytingar í ár. Niðurstaðan er að réttindin hjá FOS séu mjög sambærileg og jafnvel betri en hjá BHM og BSRB. Hjá BHM hafa réttindi til sjúkradagpeninga verið stýtt enn frekar úr 9 mánuðum í 3-4 mánuði og skýrist það af því að margir félagsmenn hafa sótt um sjúkradagpeninga vegna kulnunar í starfi. Fjölskyldu- og styrktarsjóður býður enn upp á rétt í 12 mánuði. Stjórnin hélt fimm úthlutunarfundi. Styrkveitingar á árinu 2019 voru 97, þar af níu fæðingarstyrkir. Heildarfjárhæð styrkja hækkaði aðeins milli ára og var tæpar 6 milljónir kr. Heildartekjur ársins voru tæpar 7,6 milljónir kr. Hagnaður sjóðsins var um 2,4 milljónir kr. og eigið fé í árslok nam 39,4 milljónum kr.

Algengustu styrkirnir koma fram í ársreikningi og eru vegna heilbrigðiskostnaðar, krabbameinsleitar, augnaðgerða, gleraugna- og linsukostnaðar, tannlæknakostnaðar auk fæðingarstyrkja.

Elín Valdís áréttaði að styrkveitingar eru skattskyldar samkvæmt lögum, utan útfararstyrks, og hefur staðgreiðsla skatta því verið dregin af öllum styrkveitingum sjóðsins.

Verið er að skoða í samráði við stjórn FSA hvort hækka eigi útfararstyrk, sem nú er aðeins lægri hjá FOS en hjá viðmiðunarsjóðum.

d. Skýrslur annarra nefnda.

Aðrar nefndir óskuðu ekki eftir að flytja skýrslu.

Borin var fram spurning um hvort bæta ætti við orlofshúsi vegna fjölgunar félagsmanna (pólitískt ráðinna starfsmanna). Steinunn Haraldsdóttir, formaður Orlofssjóðs, sagði að nefndin hefði ekki beitt sér mikið enn í þessum efnum. Þó hefði verið auglýst eftir íbúð á Akureyri en hugmyndin var að leigja íbúð þar til kannski eins árs.

Fleira var ekki rætt undir þessum lið og allar skýrslur og reikningar sjóðanna voru samþykktir einróma.

5. Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingar voru lagðar fram.

6. Ákvörðun félagsgjalds.

Díana flutti tillögu stjórnar um tvöföldun á félagsgjaldi, úr 400 í 800 kr. á mánuði, og var það samþykkt. Díana sagði að stjórninni hefði borist ábending frá skrifstofunni um að tilefni væri til að hækka gjaldið. Einnig benti hún á að gjöld félagsins umfram tekjur á síðastliðnu ári hefðu verið rúmar 2 milljónir kr. Fram kom að gjaldið hefði ekki verið hækkað á síðustu 8 árum. Nokkrar umræður spunnust í kringum þetta, þ.e. í hvað hækkunin á félagsgjaldinu yrði notuð og hvers vegna skrifstofan hefði þrýst á um að gjaldið yrði hækkað. Tillagan var samþykkt af miklum meiri hluta félagsmanna. Ingvi Stígsson var einn þeirra sem greiddi atkvæði á móti og bað um að það yrði skráð í fundargerð.

7. Kosning formanns.

Díana Rós A. Rivera bauð sig fram til áframhaldandi formennsku og var kjörin einróma.

8. Kosning meðstjórnenda og varamanna.

Í framboði til stjórnar voru Karítas Ríkharðsdóttir, Erla Ósk Benediktsdóttir, Laufey Einarsdóttir og Ómar Örn Hauksson en Gunnþóra Elín Erlingsdóttir og Sigurlaug Skaftadóttir McClure buðu sig fram sem varamenn. Voru þau kjörin einróma.

9. Kosning skoðunarmanna og varamanns.

Guðlaug Þráinsdóttir og Eggert Jónsson voru kjörin skoðunarmenn til eins árs og Heiðrún Pálsdóttir varamaður.

10. Kosning í nefndir.

Stjórn Orlofssjóðs: Í stjórn orlofssjóðs voru kjörin Guðný Vala Dýradóttir og Garðar Adolfsson til tveggja ára og var Laufey Einarsdóttir kjörin varamaður til tveggja ára.

Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs: Kristel Finnbogadóttir Flygenring var endurkjörin varamaður í stjórn sjóðsins til tveggja ára.

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs: Tilkynnt var að Þorbjörg Árnadóttir, varamaður í starfsmenntunarsjóði, tæki sæti Ingu Valgerðar Stefánsdóttur á meðan fæðingarorlofi þeirrar síðarnefndu stendur.

Kjaranefnd: Ingvi Stígsson og Ólafur Elfar Sigurðsson voru endurkjörnir til tveggja ára. Gunnþóra Elín Erlingsdóttir var kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2019.

Öryggisfulltrúar: Kjörin voru þau Hildur Edwald og Jóhann Örn Sigurjónsson.

Skemmtinefnd: Stjórnin mun standa fyrir viðburðum þetta árið og með dyggri aðstoð áhugasamra.

Skoðunarmenn mötuneytis: Ólafur Elfar Sigurðsson var kjörinn og Jón Magnússon var endurkjörinn.

11. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin til umræðu.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fundarsóknina og sleit fundi kl. 14:18.